

Mörg ár eru nú um liðin, síðan Trausti Valsson skipulagsarkitekt kom að máli við mig og stakk upp á því, að Fjölvi tæki til vinnslu og útgáfu þetta mikla verk um skipulagssögu Reykjavíkur. En hér var um að ræða stórvirki, sem myndi taka upp mikið af tíma og fjármunum útgáfunnar. Því hikaði ég lengi og málið dróst á langinn.

En milli þess sem Trausti dvaldist við nám og rannsóknir vestur á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna, kom hann heim og hélt áfram að hvetja mig til að koma verkinu fram. Það tókst og er árangurinn bók þessi, sem ég tel tvímælalaust eitt mesta og merkilegasta rit um skipulagsmál, sem komið hefur út hér á landi. Fjölva-útgáfan er vel sæmd af henni sem framhald af viðamiklum ritum sínum um listasögu og byggingarlistasögu.

En það merkilegasta við þessa bók er þó, að hún er algert einkaframtak, vitni um óprotlega starfsemi og baráttu einstaklings í áhuga og hugsjón, andstætt því kerfi opinberra stofnana, sem reynir að einoka sér alla umfjöllun og getur ausið af gnægta-sjóðum okkar skattborgaranna í sóun og ráðleysu.

Trausti Valsson hefur átt glæsilegan námsferil í byggingarlist og skipulagsfræðum, fyrst við Technische Universität í Vestur-Berlín og síðan við Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Frá því um 1980 hefur hann unnið að doktorsritgerð um hönnunarfræði á sameiginlegu sviði byggingarlistar og skipulagsfræði og er það verk nú á lokastigi.

Í námi sínu hefur Trausti tengst merkilegum framúr-stefnuhópum, sem berjast fyrir því að skipulagsmál séu tekin nýjum og listrænni tókum. Þessir hóp- ar eru þegar orðnir mjög áhrifaríkir t.d. í bandarísk- um skipulagsmálum, en Trausti hefur einnig túlkað þennan nýja boðskap í fjölda blaðagreina hér á landi og gerir það enn m.a. í lokakafli þessarar bókar. Fjölvaútgáfan vonast til að fá tækifæri og bolmagn til að gefa út á íslensku hina merkilegu doktorsrit- gerð hans, þegar hún liggur endanlega fyrir.

Áður en Trausti fór til framhaldsnáms í Bandarík- unum vann hann á árunum 1972—1979 hjá Þróun- arstofnun Reykjavíkur og átti sinn þátt í að taka upp nýjar og virkari aðferðir og móta ýmsa skipulags-

þætti eins og Grænu byltinguna og hina svokölluðu „strandsvæðastefnu“, en hana útskýrir hann sjálf- ur ýtarlega hér í bókinni, sem öndverða „heiða- stefnunni“.

Sem útgefandi hef ég fylgst með því, að Trausti fór þess á leit við borgaryfirvöld í Reykjavík, bæði við vinstri og hægri meirihlutann, að þau veittu hon- um vissa fyrirgreiðslu til að koma þessari bók fram. Mér virtist beiðni hans sanngirnileg vegna eðli fræðigreinarinnar, sem fjallar um velfarnað borgar- anna og er auk þess þannig varið að kostnaður við gerð uppdráttu og rannsóknarverkefna er í rauninni ofviða hverjum einstaklingi. Þess í stað eru skipu- lagsmál í höndum risavaxinna stofnana, er stundum sóa milljónum í marklitla hluti, sem lítið verður úr.

En beiðnum Trausta um smávegis fjárstyrki var hafnað að því er virðist vegna þess að skipulags- ráðamenn þoldu ekki sjálfstæðum einstaklingi að hafa sjálfstæðar skoðanir og þannig vildu þau varna því að ferskir og nýir vindar fengju að blása um ryk- fallna skriffinnsku. Í mínum augum verður framtak Trausta fyrir þetta því aðdánarverðara. Hann kem- ur hér fram sem sjálfstæður einstaklingur, sem leggur nú fram áralanga vinnu og hlýtur nær enga efnalega umbun fyrir.

Heiti bókarinnar „Vaxtarbroddur“ er mjög tengt þeirri nýju hugsjón í skipulagsmálum, sem höfund- urinn og samstarfsmenn hans í öðrum löndum ber- ast fyrir. Þeir líta á borgina eins og lifandi veru, sem eigi að þróast og vaxa upp af því vaxtarmagni og í þeim aðstæðum og hugmyndadeiglu, sem er sístarfandi út um allt þjóðfélagið. Hlutverk skipu- lagsins á að vera að hlúa að vaxtarsprotunum. Þessir hugsjónamenn berjast gegn þeim úreltu hugmyndum, að einhver arkitekt eigi að setjast nið- ur og einfaldlega teikna á blað hús eða hverfi eða heilt borgarskipulag.

Það var mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, þegar höfuðborgin Reykjavík var stofnuð fyrir 200 árum og hún tók að þróast sem stjórnstöð og menntaset- ur. Alla tíð síðan hefur hér verið vaxtarbroddur íslensks þjóðlífs og menningar.

Þorsteinn Thorarensen.

Afskrifaðar hugmyndir um nýtt Aðalstræti og Grjótaþorp


Meðal bóka í flóðinu mikla fyrir jólin var ein, sem kannski hefur dottið upp fyrir, en verðskuldar engu að síður umfjöllun og er hin þarfasta. Eins og að framan ségir, heitir hún Vaxtarbroddur. Og undirtitill: Þróun

höfuðborgar. Höfundur er Trausti Valsson arkitekt, sem ætti að vera lesendum Lesbókar vel kunnur þar sem hann hefur oft sinnis skrifað um málefni byggingarlistar í blaðið. Trausti er sem stendur að skrifa doktorsritgerð um hönnunarfræði á sameiginlegu sviði byggingarlistar og skipulagsfræði við Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Það er bókaútgáfan Fjölvi, sem hefur gefið bókina út.


Trausti er skipulags- og þróunarmálmur Reykjavíkur vel kunnugur, þar sem hann vann hjá Þróunarstofnun Reykjavíkur árunum 1972-1979. Þar átti hann þátt í stefnumótun og lagði áherslu á að nýta strandsvæðin í stað þess að eyðileggja þau og var á móti „heiðastefnunni“ sem hann nefnir svo og byggist á að dreifa borginni sem lengst uppá heilar.

Efnið er tekið frá grunni, því Trausti byrjar á því að fjalla um landnámsjörðina Reykjavík og síðan þorpið hálfðanska á árunum 1750-1865. Þriðji kafliinn fjallar um skútu- og timburhúsabæinn 1865-1900 og fylgir mjög áhugaverð teikning af bænum með skrá eftir skáldið Benedikt Gröndal. Fyrsta hálfan annan áratuginn á morgni aldarinnar verður að telja þá breytingu markverðasta, að bílar tóku að sjást á götunum, en 5. kafliinn fjallar um árin frá

Grjótaþorpið á teikningu frá 1976. Síðan hafa litlar breytingar orðið nema hvað Fjalakötturinn hefur verið rifinn. Þessi bæjarhluti hefur orðið sífellt þrætuepli og einskonar sandkassi skipulagsyfirvalda, en tillögurnar hafa til þessa ekki komist lengra en á pappírinn.



Aðalstræti og Grjótaþorpið hafa oft verið á teikniborði arkitektanna, en það hefur verið sameiginlegt þessum hugmyndum, að þær hafa ekki þótt fýsilegar þegar til kastanna kom. Sú síðasta hefur þó verið samþykkt. Gluggað í nýja bók um Reykjavík: Vaxtarbroddur - þróun höfuðborgar - eftir Trausta Valsson



Ein af hugmyndunum, sem fram komu í samkeppni um feegur Tjarnarinnar árið 1951. Höfundur hennar var Sigurður Guðmundsson arkitekt. Hér var gert ráð fyrir algjöru niðurrífi Tjarnargötunnar, en fegurðaraukinn átti að vera fólgin í því að fá þessar blokkir í staðinn.

1915-1930, þegar bærinn fær á sig svipmót nútímans.

Síðan fjallar Trausti um Reykjavík kreppunnar og hernámsins og árabílið 1945-1965, þegar Reykjavík náði orðið inn að Elliðaánn. Þá tók við tímabili, sem kennt er við danska skipulagið og hefur nú verið fallið frá mörgu þar. Að lokum er það nútíðin, eða því sem næst: Starfsemi Þróunarstofnunar og hugleiðingar um ýmislegt sem átt hefur sér stað í skipulagsmálum eftir því hvort hin pólitíska slagsíða var til hægri eða vinstri.

BLOKKIR VIÐ TJÖRNINA

Við skoðun og lestur bókarinnar er í rauninni athyglisverðast að sjá þar svart á hvítu,

hvað hugmyndir manna hafa breytt á síðastliðnum 30-40 árum. Til dæmis var staðið að samkeppni árið 1951 um feegur Tjarnarinnar, sem leit þá út svo til nákvæmlega eins og nú, þegar gosbrunnurinn er frátalinn. Samt hefur einhverja nauðsyn þótt bera til að taka Tjarnarsvæðið sérstaklega til meðferðar. Meðal tillagna, sem fram komu, var ein frá Sigrúði Guðmundsýni arkitekt og hlýtur hún að teljast barn síns tíma. Eins og sjá má af teikningunni, sem hér er birt, lagði Sigurður til að öll húsaröðin meðfram Tjarnargötunni yrði rifin, en í staðinn yrðu byggðar þar 4 blokkir, allar eins (samanb. söngtextann: Litlir kassar á lækjarbakka). Hér er modernisminn í allri sinni fátækt: Á þessari lausn er einhverskonar

austantjalds- eða Síberíusvipur. Þetta hefði þó fallið sumum vel í geð, til dæmis listamanni sem var nokkrum árum síðar að rifast yfir því í tímaritsgrein, að hús við Rauðalæk, sem þá voru í byggingu, væru ekki öll eins og nefndi það „Hinn skörðotta hundskjafi eftirstrósáranna“. Sem betur fer var hinn skörðotti hundskjafur bárujarnshúsanna við Tjarnargötuna látinn standa og þætti sá maður vart með réttu ráði núna, sem legði til niðurrif þeirra og gerði tillögu um staðlaðar blokkir í staðinn.

Það eru þó framar öllu Grjótaþorpstillögurnar, sem segja sína sögu um breytilegar hugmyndir. Elzt mun vera hugmynd bandarískra arkitekta um hótél við Aðalstræti. Það hefði staðið því sem næst þar sem Morgunblaðshúsið stendur nú, en breidd þess er tvöföld eða þreföld á við Morgunblaðshúsið. Þetta er dæmigert gamaldags „Grand Hotel“ frá því fyrir stríð, þungtamalegt og hefði vægast sagt orðið hrikalegt á þessum stað.

Miklu betri er tillaga Harðar Bjarnasonar og fleiri arkitekta um hótél á horni Túngötu og Aðalstrætis og raunar ýmist það, eða aðrar ámotá byggingar ná langleiðina með-

fram Aðalstræti. Með þessari tillögu sýnist þó hafa verið gert ráð fyrir algeru niðurrífi Grjótaþorpsins og endurbyggingu á því svæði; annað hefi vart komið til greina á bak við þessa 8 hæða húsið. Þótt tillagan sé barn síns tíma, er hún síður háð tíma og tísku en margt annað, sem lagt hefur verið til mála. Þarna er áherzla og á metnaðarfulla endurreisn höfuðstæðans með byggingum, sem minna á erlendar borgir, þar sem lóðarverð leiðir af sér háar og þéttar byggingar.

GERT RÁÐ FYRIR RÁÐHÚSI Í GRJÓTAÞORPINU

Til er einnig tillaga Sigurðar heitins Guðmundsonar arkitekts um útlit Aðalstrætis og þar með Grjótaþorpsins. Hún er öll í anda modernismans eins og blokkirnar við Tjörni; hver kassinn á fætur öðrum og þökin flöt eða því sem næst. Þar sem Austurstræti sker Aðalstræti, vildi Sigurður hafa opinn húsaгарð upp í brekkuna og fyrir enda hans skyldi byggja ráðhús. Sem sagt: Hér er einnig gert ráð fyrir niðurrífi Grjótaþorpsins og nýjum steinkössum í staðinn. Ósköp er þetta nú lítið falllegt og lítilt skaði skeður, að þetta varð ekki að veruleika.

Næst í tímaröðinni er líklega tillaga danskra arkitekta og Aðalsteins Richters, þar sem virðist vera gert ráð fyrir uppbyggingu Grjótaþorpsins í þeim stíl, sem einn íslenskur arkitekt hefur nefnt „danskan bílskúraarkitektúr“. Hér eru tveggja til þriggja hæða hús komin í stað þess, sem fyrir var og meðal þess, sem visar til nútímalegri hugmynda er göngugatan á teikningunni, sem er með tröppum upp eftir brekkunni og hlýtur þar af leiðandi að vera annað-

Tillaga Harðar Bjarnasonar ofl. að hóteli á horni Túngötu og Aðalstrætis.



Hugmynd Sigurðar Guðmundssonar um kassalaga byggingar í anda modernismans við Aðalstræti. Móti Austurstræti er húsaгарður uppi Grjótaþorpið og þar skyldi byggja ráðhús.




Hugmynd bandarískra arkitekta um hóteli í Grjótaþorpinu, nánast þar sem Morgunblaðshúsið stendur nú.




Byggt inn í skörðin í gömlum stíl. Hugmynd Hjörleifs Stefánssonar arkitekts.

Nýtt Grjótaþorp með göngugötu í tillögu danskra arkitekta og Aðalsteins Richters.



Mikið lán, að þetta komst ekki lengra en á pappírinn: Hugmynd Ólafs Sigurðssonar og Guðmundar Kr. Guðmundssonar arkitekta að þeirri hlíð Grjótaþorpsins, sem snýr út að Aðalstræti.



Nýlega samþykkt tillaga Dagnýjar Helgadóttur og Guðna Pálssonar arkitekta um smávegis andlitslyftingu í Kvosinni.

hvort Grjótagata, Brattagata eða Fisher-sund. Það bendir óneitanlega á danskan uppruna teikningarinnar og ókunnugleika á staðhättum, að skugginn er hægra megin, svo sólin skín úr norðri.

GUDSPAKKARVERT AÐ EKKI VARD AF FRAMKVÆMD

Þá er komið að tillögu arkitektanna Ólafs Sigurðssonar og Guðmundar Kr.

Guðmundssonar um þá hlíð Grjótaþorpsins, sem snýr út að Aðalstræti. Gert er ráð fyrir Morgunblaðshúsinu og Innréttingahúsinu áfram, en önnur hús í röðinni meðfram Aðalstræti eru ný og æði framandleg. Þótt

títtúllega skammt sé síðan þessi tillaga kom fram, verður að telja mikið gleðiefni að hún skyldi ekki komast lengra en á pappírinn. Það sem einkennir útlitid eru hvöss horn og framúrskarandi harðneskja, sem hefði gert þessa elztu götu þegarinn afar fráhrindandi. Hér hefði verið við hafi að tala um skörðottan hundskjafi.

Ahugamenn um hálverndun hafa verið því meðmæltir að halda í Grjótaþorpið í núverandi mynd, enda þótt þar sé næsta fátt upprunalegt, en þeim mun meira um breytingar og klastur. Sú skoðun hefur átt fylgi, að inn í eyður og skörð mætti byggja hús í hinum dæmigerða bárujárnshúsastíl frá því fyrr á öldinni. Á þeirri línu er tillaga Hjörleifs Stefánssonar arkitekts og sést á teikningu, sem birt er í bókinni og einnig hér, hvornig Hjörleifur hugsar sér að Mjóstrætið gæti lítið út. Ekki hefur orðið af framkvæmd þessarar tillögu fremur en annarra, sem fram hafa komið, enda eru á henni augljósir gallar, sem felast einkum í því, að það sem eftir stendur af Grjótaþorpinu er illa farið, sundurleitt og fjærri því að geta talist fagurt. Í annan stað hefur því verið breytt svo, að það hefur ekki lengur byggingasögulegt gildi, - og í þriðja lagi er það eitthvað í sett við tilbúnar forminnar að byggja í stíl, sem heyrir til löngu löngum tíma.

Nýjasta tillagan er frá þeim Dagnýju Helgadóttur og Guðna Pálssyni arkitektum og hefur nýlega hlotið samþykki meirihluta í borgarstjórn. Tillagan snertir Grjótaþorpið ekki nema að hluta. Hún sýnist um Kvosina í heild og Aðalstræti þar með, en af teikningunni má ráða, að ekki er gert ráð fyrir breytingu á Grjótaþorpinu að öðru leyti.

AD GANGA AF GÖFLUNUM

Þetta er dæmigerð mála miðunartillaga, sem gerir útlitid viðunandi, en alls ekki með neinum glæsibragi. Hér er verið að útfærna smábæjarkjarna lítill sanda og lítilla sæva; það er sú hugsun, sem núna er ofaná. Það er samt margt geðþekkt við þessi hús þeirra Dagnýjar og Guðna. Þau taka mið af fortíðinni með kvistum og dagögnum rishalla, en hvað gerist þá? Öðrum DV-ritstjóranum þykir þetta afleitt vegna þess að það minnir hann á hollenskt sjúkshús. Og borgarfulltrúi Kvinnalistsins í Reykjavík skrifadi heilsöu í Morgunblaðið, þar sem hún gengur af göflunum í eiginlegri merkingu. „Hollenskir húsgaflar í Kvosinni“ er fyrisögnin á grein hennar og gengur hún útá að sýna borgar-búum framá, hvað það sé afleitt, að til séu húsgaflar. Hún étur það upp eftir DV-ritstjóranum, að húsgaflar séu hollenskt fyrirbæri og virðist ekki hafa veitt því eftirtekt, að bárujárnshúsin frá fyrriparti aldarinnar voru ekki öðruvísi en með hressilega gafla. Í Hafnarfirði stóðu Gaflarar undir sínum göflum og torfbæirnir á síðustu öld voru með gafla og burstir eins og allir vita. Það er ekki fyrr en ósnjallir arkitektar plata inná okkur þeirri hugmynd, að flöt þök haldi vatni, að gaflar láta undan síga í bill; já, aðeins í bill, því fólk lætur ekki gabbá sig endalaust.

Í Reykjavík hafa myndarlegir gaflar lengst af sett svip sinn á bæinn. En það hefur farið framhjá Kvinnalistasakomunni. Hún birtir mynd af nýlegri hollenskrri byggð með húsum, sem gætu verið nánast hvaðan sem væri úr veröldinni og segir: „Ástæðun fyrir því að Holland og Ísland hafa þarna fengið sama svip er kannski sú að það er tæpast hægt að segja að Íslendingar eigi sér einhverja hefð í húsaгарð. Skipulagsáshöfundar hafa því notast við nýjustu tísku til að fylla upp í skörðin...“

Á þetta er aðeins drepið hér til að sýna, hvað málfutningur getur orðið fjarstæðu-kenndur. Vonandi göngum við ekki af göflunum, hvort sem tillögur þeirra Dagnýjar og Guðna verða framkvæmdar nákvæmlega eins og þær lita út á pappírnum. Þær eru það skásta, sem fram hefur komið í þá veru að setja nýtt svipmót á Kvosina, - og að hluta til á Grjótaþorpið, en ég ítreka, að samt er það svipmót lítilla sanda og lítilla sæva, sem samþykkt hefur verið.

Þessar hugleiðingar hafa vaknað við lestur bókar Trausta Valssonar. Öllum sem áhuga hafa á umhverfiþróun höfuðborgarinnar skal bent á, að þar er mikinn fróðleik að finna og ágaet yfirlið yfir hugmyndir, sem stundum hafa lítið þrýðilega út í fyrstu, en svo þakkar maður forsjóninni fyrir það eftirá, að þær skyldu ekki komast lengra en á pappírinn.

GÍSLI SIGURÐSSON

Trausti Valsson: REYKJAVÍK. Vaxtarbroddur. Þróun höfuðborgar. Fjölvaútgáfan. Reykjavík 1986. 144 bls. Myndir, kort og teikningar.

Þorsteinn Thorarensen útgefandi ritar formála að bókinni. Þar getur hann þess að höfundurinn sé menntaður í arkitektúr og skipulagsfræðum við virtustu háskóla í Vestur-Berlín og Berkeley í Bandaríkjunum og vinni að doktorsritgerð í skipulagsfræðum. Einnig greinir hann frá því að borgaryfirvöld hafi sýnt vinnslu bókarinnar tómlæti og Trausti hafi af áhuga og elju sett saman bókina án nokkurs stuðnings. Það hljómar hálf undarlega að borgaryfirvöld sem styðja einstaklingsframtak og voru tilbúin að eyða tugum milljóna króna í 200 ára afmælisveislu hafi ekki getað séð af smáaurum til útgáfu þessa brautryðjandaverks um skipulagssögu Reykjavíkur. En yfirvöld Reykjavíkurborgar stóðu reyndar sjálf í útgáfu og eru að láta rita sögu borgarinnar þannig að þau hafa sjálfsagt haft nóg með sig.

Á undan fyrsta kafla, sem heitir *Landnámsjörðin Reykjavík 874–1750*, vantar tilfinnanlega inngang höfundar til að greina frá tilgangi verksins, efnistöku, fyrri rannsóknum og heimildum. Í lokaorðum bókarinnar segir höfundur:

Í þessari bók er reynt að vekja með lesandanum einskonar yfirsýn eða heildartilfinningu fyrir umhverfinu í Reykjavík og nágrenni á ólíkum tímasteiðum sögunnar og jafnframt að sýna fram á hvernig hlutirnir hafa þróast og orðið umskipti á vissum skeiðum. ... Líta ber á bók þessa sem yfirlit, sem er byggt á þekkingu á ótal þáttum, svo sem byggingarlist, skipulagshugmyndum, tækniþróun, efnahags- og atvinnumálum, hafnarmálum og útgerðarmálum, að ekki sé minnst á útivistarmál og heilbrigðismál. (Bl. 144)

Bókin skiptist í 13 jafnlanga kafla, þá kemur annáll umhverfissögunnar, ítarlegt yfirlit á ensku og loks tafla yfir nýjungar og einkenni sérhvers skipulagstímabils. Að lokum eru svo stutt lokaorð og heimildalisti. Í köflum sem spanna tímann fram yfir 1945 eru kaflaskiptin grunduð á atvinnustarfseminni en eftir það ráða skipulagstímabil kaflaskiptum. Í hverjum kafla reynir höfundur að greina frá atvinnulífi, nýjustu hugmyndum í byggingarlist, tengslum þeirra við erlenda strauma, hvernig þær komu fram í byggingarframkvæmdum, aðalskipulagi hvers tímabils, helstu skipulagsslysum og því sem vel var gert, hvernig bæjarbragurinn var og til dæmis hvaða hljóð mátti heyra í bænum og hvaða lykt bar fyrir vitin.

Ef vikið er nánar að efnisinnihaldi bókarinnar eru í fyrsta kafla færð nokkur rök fyrir því hvers vegna Ingólfur Arnarson settist að í Reykjavík, lýst er landgæðum og umhverfi. Síðan er stokkið yfir nokkrar aldir og saga danska þorpsins frá 1750–1865 rakin og því lýst hvernig þéttbýli myndaðist smám saman. Í þriðja kafla er lýst skútu- og timburhúsabænum sem reis á árunum 1865–1900. Á þeim árum risu margar opinberar byggingar sem enn eru með merkustu byggingum landsins, bárujárnið varð ríkjandi klæðning og menn fóru fyrir alvöru að velta fyrir sér byggð bæjarins. Sérstakur kafla lýsir bænum frá aldamótum fram til 1915. Á þessum árum fóru menn að velta því fyrir

sér hvar byggingar framtíðarinnar skyldu rísa og komust að því að götur væru of mjóar. Knud Zimsen var þá ráðinn sem verkfræðingur hjá bænum. Á árunum 1915–1930 fékk bærinn svipmót nútímans, hestar viku fyrir bílum, markviss umræða hófst um skipulagsmál eftir brunann mikla 1915, Guðmundur Hannesson ritaði fyrsta skipulagsritið þar sem hann hvatti til aðgreiningar á starfsemi, það er að óheppilegt væri að hafa Franska spítalann við hlið sláturhússins og svo framvegis. Erfðafestulönd sem úthlutað var í austurbænum á þessum árum eru mörg hinna grænu svæða í dag. Hafnarframkvæmdirnar hækkuðu lóðarverð í kvosinni og þar með tók íbúðarbyggð að hverfa úr miðbænum og um sama leyti voru götur þar malbikaðar. Á kreppuárunum hægði mjög á niðurrífi eldri húsa en fullbyggt var innan Hringbrautar. Eftir síðari heimsstyrjöldina og fram til 1965 þandist borgin út, og þá var farið að ræða um landnýtingarskipulag og blokkir og raðhús urðu ráðandi. Á árunum eftir 1965 komu danskir skipulagsfræðingar sem settu bifreiðar í öndvegi og telur höfundur bókarinnar að þá hafi með naumindum tekist að bjarga mörgum merkjum byggingum frá niðurrífi, ekki síst fyrir hugsjónastarf Þorsteins Gunnarssonar og Harðar Ágústssonar. Höfundur greinir frá starfsemi Þróunarstofnunar Reykjavíkur þar sem unnið var að áætlun um „grænu byltinguna“ og fleira. Þá gerir hann grein fyrir þróun nágrannasveitarfélaganna og bendir á nauðsyn þess að þau hafi samvinnu um efnahags-, félags- og skipulagsmál. Eftir að hafa rakið helstu þættina í skipulagsmálum vinstri flokkanna frá 1978–1982 gerir höfundur grein fyrir áherslum sjálfstæðismanna eftir 1982. Að lokum veltir hann vöngum yfir framtíðinni og er þar sumt eins og í vísindaskáldsögu, en annað virðist sérstaklega miðað við að laga skipulagið að sem flestum hliðum mannlífsins þar sem fólk er ætíð haft í fyrirrúmi.

Ég tel að höfundur hafi tekist að framfylgja þeirri stefnu sem kemur fram í bókarlok og vitnað er til hér að framan. Hann dregur fram aðalatriði frá hverju tímabili og hverju skipulagsskeiði. Á tæplega 150 blaðsíðum er farið yfir 200 ára sögu sem tengist fjölmörgum þáttum þjóðlífsins. Ekki er aðeins farið yfir skipulagssögu hér á landi heldur er víða að finna samanburð við skipulagssögu í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Höfundur gagnrýnir innfluttar skipulagshugmyndir sem víða setja svip sinn á borgina en eiga ekki við hér á landi. Hann gagnrýnir jafnt hægri sem vinstri meirihluta borgarstjórnar fyrir það sem betur mátti fara. Hann bendir á þann vanda sem felst í því að mörg sveitarfélög starfi hvert í sínu horni að skipulagi og þegar upp er staðið rekur sig oft eitt á annars horn. Bendir höfundur réttilega á að nauðsynlegt sé fyrir samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vinna saman að grunnrannsóknnum og skipulagi.

Þegar svo mikið efni er tekið fyrir í stuttu máli fer ekki hjá því að margt verði yfirborðslegt og ekki verði ætíð mögulegt að rökstyðja mál. En vonandi fáum við að sjá efninu gerð betri skil síðar, enda boðar Þorsteinn Thorarson það. Af lestri þessarar bókar ætti arkitektum hvers tíma að verða ljóst að viðmiðun okkar tíma getur orðið ankannaþæg innan fárra ára og nauðsynlegt er að fylgjast vel með erlendum hugmyndum um leið og reynt er að skyggast inn í framtíðina.

Einn mesti ljóður á þessari bók er að ekki eru tilvísanir í heimildir. Þannig víkur höfundur að spennandi þáttum úr sögu Reykjavíkur eða erlendum skipulagshugmyndum en skilur áhugasama lesendur eftir vegalausa án tilvísana í frekari heimildir. Hér skilur á milli fræðilegrar uppsetningar og alþýðlegrar myndabókar. Í bókarlok eru tvær skrár um „nokkrar helstu heimildir.“ Þar eru annars vegar almenn rit svo sem bækur Árna Óla og Þorsteins Thorarensens og hins vegar sérrit. Um sérritin segir höfundur að mörg þeirra séu aðeins fjölrít og ekki fáanleg á öllum bókasöfnum og væri helst að leita þeirra í skipulagsstofnunum. Þau rit sem eru fáanleg á bókasöfnum hefði höfundur getað flokkað með almennum ritum. Til að auðvelda lesendum leitina að sérritunum hefði höfundur getað bent á hvar þeirra væri að leita. Að öðrum kosti getur leitinn að heimildum orðið býsna löng. Stutt skrá er yfir heimildir ljósmynda. Mjög víða vantar upplýsingar um hvaðan kort eru fengin svo og uppdrættir, og sjá má, að hvorugt er eftir höfundinn. Við hverja mynd og hvern uppdrátt hefði átt að vísa í heimild. Þá hefði verið til mikilla bóta að hafa nafnaskrá og ennfremur atríðisorðaskrá. Lokaorðum og heimildum er troðið á síðustu blaðsíðu bókarinnar og er letrið smækkað til að koma efninu fyrir. Þetta er stílbrot. Lokaorðin hefðu mátt vera ítarlegri eða eins konar samantekt á því sem fram kemur í bókinni. Hér hefði verið betra að bæta tíundu örkinni við og stækka bókina, þá hefði einnig fengist meira svigrúm annars staðar.

Fjöldi korta er í ritinu og sýna þau mismunandi hugmyndir að skipulagi og landnýtingu. Höfundur gerir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag borgarstjórnar að færa út landamæri borgarinnar án heimildar. Þannig má greina á skipulagsuppdrætti frá árinu 1972, á bls. 80–81, landamerki milli Reykjavíkur og Mosfellshrepps með beina línu upp í Úlfarsfell. Á skipulagsuppdrætti frá Próunarstofnun Reykjavíkurborgar frá 1977 (bls. 72–73 og síðar) hefur Borgarskipulagið fært út borgarmörkin. Mosfellshreppur mun hafa gert skriflega athugasemd við þessi landamerki án þess að fá nokkur svör frá stórabróður. Margar myndir eru í bókinni og prentast þær flestar vel. Á 144 blaðsíðum eru 205 myndir og kort. Sum kortanna myndast klessulega en önnur mjög vel. Myndir sem teknar voru um aldamót prentast oft betur en þær sem höfundur hefur tekið á síðustu árum. Frágangur smáatriða og prófarkalestur hefði getað verið betri.

Málfar er lipurt og víða er komist vel að orði. Sums staðar er frásögnin svo spennandi að það er ekki fyrr en í kaflalok sem gefst tími til að lesa kortin, myndir og skýringartexta sem eru þó fyrirferðarmikill hluti bókarinnar. Þó svo að ýmislegt gagnrýnisvert hafi verið tínt til þá situr hitt eftir að bókin er ekki aðeins söguleg handbók fyrir skipulagsfræðinga heldur getur hún komið að góðum notum við kennslu, til dæmis í skipulagsfræði, sögu og landafræði, auk þess að vera skemmtileg og fróðleg aflestrar fyrir alla áhugamenn. Þeir Trausti Valsson og Þorsteinn Thorarensen eiga þakkir skildar fyrir að koma þessari bók út á afmælisári Reykjavíkur. Við biðum eftir framhaldinu.

Bókabloggið

<https://bokabloggid.wordpress.com/2006/04/20/reykjavik-vaxtarbroddur-eftir-trausta-valsson/>

20. apríl 2006 **Reykjavík – Vaxtarbroddur eftir Trausta Valsson**

Bók sem ég byrjaði að glugga í síðasta sumar og lauk svo við núna um daginn þegar að ég sá hana aftur á sama stað uppi í bókahillu uppi á Íslandi.

Reykjavík – Vaxtarbroddur er skipulagssaga Reykjavíkurborgar – sú eina sem út hefur komið, að því er ég best veit. Bókin kom út 1986 en hefur farið furðu lágt síðan miðað við hversu merkileg hún er í raun og fyrir það hversu fagleg sjónarmið koma fram í henni sem jafnframt eru óþreytandi að benda á allt það endemisklúður sem skipulag Reykjavíkur er frá upphafi til enda. Segja má að bókin sé eitt alls herjar diss á reykvísk yfirvöld á 20. öld þar sem borgaryfirvöld (sjálfstæðismenn utan fjögurra ára) hafa nánast alltaf tekið kolrangar ákvarðanir.

Helst deilir Trausti á dreifðu byggðina upp um holt og hóla í stað þéttar borgarbyggðar sem ollu því – og valda enn – að kostnaður við samgöngur, lagnakerfi og annað slíkt verður skýjum ofar því sem hann hefði orðið ef eðlilega hefði verið staðið að málum. Þá er óminnst á það borgarsamfélag sem forgörðum fer vegna þessa sveitaskipulags þar sem hver og einn borgarbúi fær sitt ódal með túni í kring.

Trausti birtir líka allar þær tillögur að útliti borgarinnar hér og þar sem uppi voru á sínum tíma. Framan af öld eru þær oft stórbrotnar og góðar en þegar líður á öldina verða þær skelfilegri og skelfilegri. Hryllilegastar eru þær á sjöunda áratugnum þegar að tillögur um niðurrif alls grjótaþorpsins fyrir steinstepykumbalda í anda Morgunblaðshallarinnar þóttu bara alls ekki svo galnar og ekki heldur niðurrif allrar Torfunnar að Stjórnarráðinu og jafnvel gamla MR meðtöldum!

Sumar borgir eins og Stokkhólmur, hleyptu þessari skelfilegu stefnu í framkvæmd og niðurstaðan í dag er eitt skelfilegasta umhverfishryðjuverk sem sést hefur í borgarlandslagi: Sergels torg og umhverfið í kringum það. Til allrar hamingju gekk þetta ekki eftir í Reykjavík og því ber ekki að þakka hyggnum borgaryfirvöldum heldur hópi ungs fólks á áttunda áratugnum sem stóð vörð um gömlu húsinn.

Reykjavík – Vaxtarbroddur er bók sem alls ekki á skilið að falla í gleymsku. Ég hvet allt fólk sem áhuga hefur á bættri borgarmenningu (já, eða tilkomu borgarmenningar yfirhöfuð) í Reykjavík til þess að ná sér í þessa bók á næsta bókasafni því að hún er varla fáanleg nema kannski þá á fornbókasölum.

Einnig væri ástæða til að hvetja Trausta til þess að setjast aftur niður nú tuttugu árum síðar og gefa stúdíur sínar út aftur í endurskoðaðri útgáfu þar sem síðustu tuttugu ár eru líka tekin með í reikninginn.

2 responses to “Reykjavík – Vaxtarbroddur eftir Trausta Valsson”

Trausti Valsson 26. mars 2011:

Þakka mjög glögga umfjöllun um bók mína *Reykjavík – Vaxtarbroddur*. Já, hún gefin út 1986 og löngu uppseld. 2002 gaf ég út 480 síðna bók *Skipulag byggðar á Íslandi*. Þar er löng endurskoðuð umfjöllun um skipulag í Reykjavík. *Planning in Iceland* er ensk útgáfa. Bók mín *Borg og náttúra*, fjallar einnig að mestu leiti um skipulagið í Reykjavík. Þessar bækur fást orðið á mjög lækkuðu verði í Eymundsson Kringlu og Austurstræti, og í Iðu.

Svarar.....Sigurður Ólafsson: 26. mars 2011

Sæll Trausti.

Þakka þér sömuleiðis fyrir athugasemdina. Gaman að heyra að uppfærðar útgáfur af þessari stórmerku bók séu til, það vissi ég ekki. Verð greinilega að kynna mér efnið í næstu Íslandsferð minni. Bestu kveðjur,

Sigurður